

<i>Lagagrein</i>	<i>Tegund brots</i>	<i>Sektarfjárhæð í kr.</i>
11. gr.	Viðurkenning flutningseininga. Flutningseining notuð án þess að hafa tilskilda viðurkenningu	10.000
13. gr.	Flutningur á sprengifimum efnum. Ökutæki, sem eigi hefur verið flokkað og viðurkennt, notað til flutnings á sprengifimum efnum Meira flutt af sprengifimum efnum í einni flutnings einingu en heimilt er skv. töflu í viðauka V	15.000 20.000
14. gr.	Sérstök ákvæði.	
1. mgr.:	Sérreglur um flutning á hættulegum farmi um jarðgöng eða brýr eigi virtar	10.000
	Sérreglur lögreglu um flutningsleiðir og fylgd ökutækja eigi virtar	10.000
2. mgr.:	Meira en 50 kg sprengiefnis flutt með sama ökutæki án tilskilins leyfis lögreglustjóra, skv. reglugerð um sprengiefni	10.000
	Tilkynningarskyldu til lögreglustjóra vegna flutnings hættulegra efna eigi sinnt	8.000
3. mgr.:	Ferming eða afferming (umferming) ökutækis með hættulegan farm ef um er að ræða efni skv. viðauka B í ADR-reglum og töflu í viðauka VI:	
	- á almennu svæði í þéttbýli án leyfis lögreglu	60.000
	- utan þéttbýlis án þess að tilkynna lögreglu	20.000
4. mgr.:	Ökutæki, sem flytur hættulegan farm í samræmi við viðauka B í ADR-reglum og viðauka VII, eigi vaktad	10.000
5. mgr.:	Ökutæki, með hættulegan farm eða hættuleg efni, samkvæmt viðauka B í ADR-reglum og viðauka VIII, stöðvað lengur en lögregla hefur heimilað nálægt íbúðarhúsnæði eða svæði þar sem almenningur á erindi um	20.000
6. mgr.:	Farþegi í ökutæki án undanþágu, sbr. viðauka B í ADR-reglum og viðauka IX	10.000

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Æðarodda á Akranesi.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness þann 12. maí 1998 var samþykkt breyting á deiliskipulagi Leynisbrautar á Akranesi eftir að það hafði verið auglýst samkvæmt 1. og 2. mgr. 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Deiliskipulag Æðarodda afmarkast af Blautósi og Flæðilæk annars vegar og gamla þjóðvegi nr. 51 hins vegar.

Á ofangreindu svæði er gert ráð fyrir búfænaðarbyggð og verður heimilt að reisa þar hús fyrir búfænað.

Deiliskipulag þetta tekur þegar gildi.

Akranesi, 14. maí 1998.

F. h. bygginga- og skipulagsfulltrúans á Akranesi,

Hannes Fr. Sigurðsson.